

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



Dags eftirlits	27.5.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórarinn Oddsson	Staðsetning	746686,545	525979,673

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar og engin athugasemd var gerð stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi í Reykjavík og var farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Neskaupstað, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Hér er krafa um mælingu á olíuleifum í frárennsli á þriggja ára fresti eða oftar ef ástæða er til. Næst á að mæla árið 2017.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Tekið var á lokum í frárennsli þróa. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Olíubirgðastöðin á Neskaupstað er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 19.06.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.